

Umsögn frá kirkjugarðaráði. 7. febrúar 2022

152. löggjafarþing 2021–2022. Þingskjal 180 – 178. mál.

Frumvarp til laga um breytingu á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu, nr. 36/1993, með síðari breytingum (dreifing ösku).

Frumvarpið, sem lagt er fram á þingskjali 180, gerir ráð fyrir að varðveisla og dreifing á ösku látinna einstaklinga verði gefin frjáls og að felldar verði úr kirkjugarðalögum takmarkanir og skilyrði sem nú gilda um varðveislu og dreifingu slíkrar ösku. Eina skilyrðið sem þar er sett fram er að virða skuli ósk hins látna um hvar og hvernig öskunni skuli dreift eða hún varðveitt. Ekki virðist gert ráð fyrir að slík dreifing geti stangast á við önnur lög t.d. um hollustuhætti.

Tillaga um breytingu á 2. mgr. 7. gr. laganna felur í sér að fellt verði niður ákvæði um að skylt sé að varðveita duftker í kirkjugarði eða löggiltum grafreit en í þess stað verði kveðið á um að heimilt sé að grafa ker í grafarstæði eða leggja í leiði. Skyldan er afnumin en heimildin sem nú þegar er fyrir hendi kemur í staðinn.

Breyting sem lögð er til á 4. mgr. 7. gr. felur í sér að fellt verði niður ákvæði um að sækja þurfi um heimild sýslumanns til að dreifa ösku látins yfir öræfi eða sjó en það ákvæði felur jafnframt í sér að óheimilt er að dreifa ösku sama einstaklings á fleiri en einn stað í senn. Þá er lagt til að fellt verði niður ákvæði 4. mgr. um að óheimilt sé að geyma duftker fram að ráðstöfun þess annars staðar en í líkhúsi. Í staðinn kemur ný málsgrein svohljóðandi: „Virða ber ósk hins látna um hvar og hvernig ösku er dreift eða hún varðveitt sé ósk hins látna sú að askan sé ekki jarðsett. Með ofangreindri tillögu verður ekki annað séð en að hægt verði að geyma ösku látinna og/eða dreifa henni hvar sem er án takmarkana. Þetta vekur spurningar um hvort framvegis verði jafnvel hægt að dreifa ösku innan skipulagðra svæða í þéttbýli til dæmis í íbúðahúsa- eða í almenningsgördum.

Öskudreifing var samþykkt á Alþingi 8. apríl 2002. Kirkjugarðaráði hafa ekki borist kvartanir vegna núverandi fyrirkomulags öskudreifingar og því telur ráðið ekki brýna nauðsyn á að rýmka heimildir um dreifingu ösku að svo stöddu.

Kirkjugarðaráð bendir á að árið 2016 óskaði dómsmálaráðuneytið eftir tillögum ráðsins að breytingum á lögum um kirkjugarða, greftrun og líkbrennslu. Kirkjugarðaráð skilaði ráðuneytinu þá breytingartillögum sínum. Ráðinu þykir rétt að þegar farið verður í heildarendurskoðun á lögnum megi m.a. skoða hvort taka eigi inn í lögina rýmri heimild fyrir öskudreifingu.

Virðingarfyllst,

Ragnhildur Benediktsdóttir
formaður kirkjugarðaráðs